

Ársskýrsla Járningamannafélagsi Íslands fyrir starfsár 2015 – 2016

Starfsár 2015 – 2016 var tímamótaár fyrir Járningamannafélag Íslands þar sem það var tíunda starfsár félagsins. Um áramót 2016 voru félagsmenn 64 talsins.

Aðalfundur árið 2015 var haldinn í félagsheimili Fáks 30.10. Á fundinum var m.a. rætt um hvernig auka mætti vægi félagsins og ásýnd útávið. Einnig var rætt hvernig félagsmenn gætu nýtt sér félagsaðild t.d. sem einhverskonar gæðastimpil og hvort félagsaðild gæti virkað sem einhver gæðastimpill í framtíðinni. Samþykkt var að endurskoða lög um félagsaðild og að inntaka nýrra félag yrði háð samþykkis aðalfundar. Þá voru menntamál rædd og félagið ásetti sér að reyna að efla menntun járningamanna eins og kostur er. Að lokum var gengið til kosninga og var stjórn endurkjörin en hana skipa:

Þorgrímur Hallgrímsson, formaður
Sigurður Torfi Sigurðsson, varaformaður
Gunnar Halldórsson, gjaldkeri
Gunnar Már Gunnarsson, ritari
Þorgrímur Sigmundsson, meðstjórnandi

Járningadagar voru haldnir í fimmta sinn 31.okt og að þessu sinni í reiðhöll Spretts. Dagskráin var opinn öllum, en félagar áttu góðan dag og skiptust á að deila þekkingu sín á milli. Dagskráin endaði með Íslandsmóti í járningum þar sem sex járningamenn öttu kappi en Mosfellingurinn Leó Hauksson bar að lokum sigur úr bítum eftir jafna og drengilega keppni.

Félagar JÍ sáu um fótaskoðanir fyrir Meistaradeildina 2016 en það er í fyrsta skipti sem félagið hefur verið fenginn á þá mótarið og er mjög jákvætt skref í átt að samræmingu á eftirlit og fótaskoðun stærri móta. Einnig sá félagið að um fótaskoðun á LM 2016 sem er orðin fastur liður í starfi félagsins.

Forsvarsmenn JÍ líta björtum augum á komandi starfsár, fyrirhugað er að efna til fræðsludagskrár og sýningar í haust í tilefni tímamótanna og hvetur stjórn JÍ hestamenn alla að fylgjast vel með og láta járningadaga 2016 ekki fara fram hjá sér.